

Fimmtudaginn 10. apríl 1997.

Nr. 66/1996.

**Svínavatnshreppur og
Torfalækjarhreppur**

(Jónatan Sveinsson hrl.)

gegn

Landsvirkjun

(Hreinn Loftsson hrl.) **og**

Íslenska ríkinu til réttargæslu

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Eignarréttur. Vatnsréttindi. Afréttarland. Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Arnljótur Björnsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 8. febrúar 1996. Þeir krefjast þess:

1. að viðurkenndur verði réttur þeirra til fébóta fyrir fallréttindi (virkjunarréttindi) í Blöndu fyrir Auðkúluheiði, að fjárhæð 30.636.000 krónur, sem ákvarðaðar voru af sérstakri matsnefnd með úrskurði 10. ágúst 1992, auk verðbóta á þá fjárhæð, eins og kveðið er á um í úrskurðinum,

2. að viðurkenndur verði réttur þeirra til bóta úr hendi stefnda Landsvirkjunar fyrir land á Auðkúluheiði, sem stefndi hefur fengið til ótímabundinna umráða og afnota í þágu Blönduvirkjunar á grundvelli samnings við áfrýjendur 15. mars 1982 um virkjun Blöndu, nánar tiltekið fyrir land undir uppistöðulón Blönduvirkjunar við Reftjarnarbungu, fyrir land undir efri hluta veituleiðar vatns úr uppistöðulóninu í inntakslón virkjunarinnar í Eldjárnsstaðflá, nánar tiltekið frá uppistöðulóninu að Eystra-Friðmundarvatni, og undir samningsbundna uppgræðslu á Auðkúluheiði.

Áfrýjendur krefjast þess einnig, að stefndi Landsvirkjun verði dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Verði hinn áfrýjaði dómur staðfestur, er þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður.

Áfrýjendur gera engar kröfur á hendur réttargæslustefnda.

Stefndi Landsvirkjun krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Málinu hefur þó ekki verið gagnáfrýjað af hálfu stefnda, og kemur málskostnaðarkrafa fyrir héraðsdómi því ekki til álita.

Réttargæslustefndi gerir þær dómkröfur, að áfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti. Hann styður kröfugerð og sjónarmið stefnda Landsvirkjunar í málinu.

I.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir málavöxtum og tilhögun samninga vegna virkjunar Blöndu. Þykir ástæða til að rekja sérstaklega, hvernig háttáð var ákvæðum samninganna um tilkall til eignarréttar á Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði, og viðhorf til vatnsréttinda í því samhengi.

Fyrsti samningurinn var gerður 15. mars 1982, og var hann milli Rafmagnsveitna ríkisins sem virkjunaraðila við Blöndu, sbr. 1. gr. laga nr. 60/1981 um raforkuver, og fulltrúa hreppsnefnda Blönduóshrepps, Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps vestan Blöndu og Lýtingsstaðahrepps og Seyluhrepps austan Blöndu. Bólstaðarhlíðarhreppur gerðist síðar aðili að samningi þessum. Í 10. gr. samningsins er kveðið á um það, að virkjunaraðili greiði viðkomandi eigendum vatnsréttinda á vatnasvæði Blöndu bætur fyrir þau virkjunarréttindi, sem nýta þarf vegna virkjunarinnar, og fái jafnframt framsal á þeim réttindum. Áskilið er, að hver aðili færi sönnur á eignarrétt sinn að réttindunum, ef hann er vefengdur, og skuli almennir dómstólar skera úr ágreiningi um eignarrétt að vatnsréttindum. Í 11. gr. segir, að ákvæði 10. gr. samningsins taki að öllu leyti til vatnsréttinda á Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Fram kemur, að hrepparnir vestan Blöndu telja til fullkominna eignarréttinda að Auðkúluheiði samkvæmt afsali frá ráðherra Íslands 5. júlí 1918. Hrepparnir austan Blöndu telja sig eigendur að Eyvindarstaðaheiði og vatnsréttindum á henni samkvæmt kaupsamningi við Hannes Pétursson á Skíðastöðum 6. ágúst 1898, eins og fram kemur í samningsviðauka 24. mars 1990, og afsali frá honum, sem sagt er glatað. Virkjunaraðilinn ber ekki brögður á tilvist þessara heimildarskjala og þau réttindi, sem á þeim verði byggð að lögum, en dregur í efa,

að virkjunarréttindi séu meðal þeirra. Í 13. gr. eru ákvæði um verkfni matsnefndar, sem á að meta bætur fyrir land, sem fer undir miðlunarlón, aðveituskurði, inntakslón og önnur mannvirki, og land, sem tekið er til uppgræðslu í stað þess, sem fer undir vatn. Þar er áréttað, að ágreiningur um eignarrétt að landinu heyri undir dómstóla, og skuli matsnefndin „meta og ákveða bætur fyrir vatnsréttindi, enda hafi verið úrskurðað um eignarrétt að þeim“.

Með samningi við ríkisstjórn Íslands 11. ágúst 1982 tók stefndi Landsvirkjun við réttindum og skyldum virkjunaraðila samkvæmt áðurnefndum samningi við heimamenn um Blönduvirkjun og fékk virkjunarleyfi með bréfi iðnaðarráðherra 28. mars 1984, sbr. 6. og 7. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun og 1. gr. laga nr. 60/1981.

Hinn 22. febrúar 1988 var undirritaður samningur milli stefnda Landsvirkjunar annars vegar og Veidifélags Blöndu og Svartár auk eigenda jarðanna Bollastaða, Eyvindarstaða, Eldjárnsstaða, Guðlaugsstaða, Þramar og Rugludals hins vegar um yfirtöku réttinda í þágu Blönduvirkjunar, tilhögun virkjunarframkvæmda og meðferð og úrlausn kröfumála. Í 4. gr. þess samnings kemur fram sú afstaða stefnda Landsvirkjunar, að vatnsréttindi fylgi þeim jarðeignum einum, sem teljist til landareigna í merkingu 1. gr. vatnalaga nr. 15/1923 og „séu ekki fyrir hendi að öðrum kosti, sbr. 2. gr. vatnalaga, nema sem almenningseign, er henni sé frjálst að nýta“. Fram kemur, að stefndi Landsvirkjun viðurkenni ekki, að afréttarlöndin Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði séu landareignir í merkingu vatnalaga, og geri ekki ráð fyrir að greiða bætur fyrir vatnsréttindi þeirra vegna nema að undangenginni úrlausn dómstóla. Hins vegar lýsir stefndi Landsvirkjun sig reiðubúinn til að greiða bætur fyrir slík réttindi vegna þeirra jarðeigna, sem getið er í samningnum, og „ótvírætt teljast landareignir í merkingu vatnalaga, enda færi eigendur þeirra sönnur á aðild sína að eignunum og réttindi þeirra“. Á þessum forsendum er svo um samið, að gegn greiðslu bóta yfirtaki stefndi Landsvirkjun öll vatnsréttindi við Blöndu og Gilsá, sem nýta þurfi vegna Blönduvirkjunar. Leita skuli samkomulags um ákvörðun og greiðslu bótanna, en hafi það ekki náðst innan þriggja mánaða frá samningsgerð, skuli fjárhæðin ákveðin með mati. Vilji stefndi Landsvirkjun vefengja vatnsréttindi „einhverra gagnaðila sinna“, skuli hann lýsa því á þessum þriggja mánaða fresti og megi

þá jafnframt áskilja, að ágreiningur um tilvist réttindanna verði lagður fyrir almenna dómstóla. Er framgangi þessa matsmáls og mats á grundvelli samningsins frá 15. mars 1982 lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Tveimur árum síðar, 24. mars 1990, eru enn gerðir tveir samningar. Hinn fyrri var viðauki við samninginn frá 15. mars 1982 og milli sömu aðila með þeirri breytingu, að stefndi Landsvirkjun var kominn í stað Rafmagnsveitna ríkisins, eins og áður var rakið. Orðalagi hins upphaflega samnings um eignarréttindi á Eyvindarstaðaheiði er breytt lítillega, og stefndi Landsvirkjun áréttar efasemdir um eignarréttarlegt tilkall viðsemjenda sinna með þeim orðum, að ekki sé ljóst samkvæmt almennum reglum, að virkjunarréttindi séu meðal þeirra réttinda, sem felist í eignarheimildum um heiðina.

Síðari samningurinn 24. mars 1990 er milli stefnda Landsvirkjunar og áfrýjenda, Svínvatnshrepps og Torfalækjarhrepps, og Blönduós-bæjar, sem þennan sama dag afsalaði hreppunum allri eignarhlutdeild bæjarins í Upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar og afréttarlandinu á Auðkúluheiði. Samið er um ákvörðun og uppgjör bóta og aðrar ráðstafanir vegna yfirtöku stefnda Landsvirkjunar á landi, vötnum og vatnsvegum til vatnsmiðlunar í þágu Blönduvirkjunar á veituleiðinni, en ekki er minnst á fyrirvara um eignarrétt eða vatnsréttindi.

II.

Með hliðsjón af framansögðu þykir vera ljóst, að Rafmagnsveitur ríkisins og síðar stefndi Landsvirkjun hafi frá upphafi haft næga fyrirvara um inntak eignarréttinda á Auðkúluheiði og tilkall til vatnsréttinda vegna hennar. Verður ekki talið, að þessi afstaða stefnda Landsvirkjunar hafi mátt dyljast áfrýjendum. Sá þriggja mánaða frestur, sem til er tekinn í samningnum 22. febrúar 1988, getur ekki takmarkað rétt stefnda Landsvirkjunar til vefengingar á eignarrétti í þessu máli. Hann var settur fram í samningi við aðra aðila en áfrýjendur, en þeir gerðu samning við stefnda Landsvirkjun tveimur árum síðar, þar sem efasemdir virkjunaraðilans voru ítrekaðar. Vangaveltur í álitgerðum lögmannna, áður en til samninga um virkjun Blöndu var gengið, skipta engu í þessu sambandi. Verður því ekki fallist á, að stefndi Landsvirkjun hafi á grundvelli samningsins

15. mars 1982 bakað sér sérstaka skyldu til að greiða bætur fyrir vatnsréttindi og land án tillits til þess, hvernig réttindum áfrýjenda á Auðkúluheiði er annars farið.

Að svo vöxnu máli verður tekin afstaða til kröfu áfrýjenda um viðurkenningu á rétti til bóta úr hendi stefndu Landsvirkjunar á grundvelli óskoraðs eignarréttar yfir Auðkúluheiði.

III.

Í hinum áfrýjaða dómi er lýsing á þeim gögnum og skjölum um Auðkúlu og Auðkúluheiði, sem vísað hefur verið til í málinu.

Fyrir Hæstarétt hafa meðal annars verið lögð greinargerð Jóns Torfasonar, cand. mag., um eignarheimildir Auðkúluheiðar og heimildaskrá hans um heiðina. Eru gögn þessi undirrituð 19. apríl 1996. Í greinargerðinni kemur fram, að jarðarinnar Auðkúlu sé getið nokkrum sinnum í fornsögum og Íslensku fornbréfasafni, en í þessum heimildum sé ekki minnst á Auðkúluheiði eða nýtingu hennar. Rakið er, hvernig jörðin Auðkúla var í eigu ættmenna Björns ríka Þorleifssonar á 15. öld, uns Gottskálf biskup grimmi keypti jörðina árið 1512, en hann arfleiddi Hóladómkirkju að henni „með öllum gögnum og gæðum“ átta árum síðar. Síðan segir meðal annars í greinargerðinni: „Það er ekki fyrr en Guðbrandur biskup kemur skipan á málin árið 1579 og veitir séra Eiríki Magnússyni jörðina Auðkúlu í Svínadal honum til hjálpar og uppheldis í sínu kennimannsembætti, að skýrt er tekið fram um Auðkúluheiði: Skal hann mega brúka og bíhalda öllu því sem þeirri jörðu og heimalandi fylgir... alla Kúluheiði til ystu ummerkja móts við aðra menn að lambatollum, veiðum og öllum gagnsmunum sem þeirri heiði fylgt hefur að fornu og nýju... Talsvert er til af dómum, þar sem bændur eru krafðir uppreksturs á heiðina. Þessi krafa kemur yfirleitt fram, þegar harðnar í ári... Í lok 16. aldar voru erfið ár, og er þá kveðinn upp dómur um, að bændur skuli reka á Auðkúluheiði árið 1583. Nokkrum árum síðar eru leiddir til vitnis menn fæddir um 1530, og segja þeir, að rekið hafi verið á heiðina samkvæmt gamalli venju og tollur goldinn árlega Kúlumönnum“.

IV.

Í Landnámu segir, að Eyvindur auðkúla hafi numið allan Svínadal og býið á Auðkúlustöðum. Ekkert er þar minnst á Auðkúlu-

heiði. Telja má ljóst af þeim heimildum, sem vísað hefur verið til í málinu, að jörðin Auðkúla hafi verið í einkaeign fram á 16. öld, en þá komist í eigu kirkjunnar. Eftir siðaskipti sýnist jörðin vera komin undir forræði ríkisvaldsins. Ráðherra Íslands afsalaði áfrýjendum 5. júlí 1918 „afrjettarlandinu Auðkúluheiði eign Auðkúluprestakalls...“, og sagði í afsalsbréfinu, eftir að vísað hafði verið til söluheimildar í lögum nr. 50/1907 um sölu kirkjujarða: „... þá sel jeg og afsala... greint afrjettarland, Auðkúluheiði, með öllum gögnum og gæðum“.

Heimildir benda til þess, að Auðkúluheiði hafi nær einvörðungu verið notuð til beitar á fyrri tíð. Þegar heiðarinnar er getið í skriflegum heimildum, er það í tengslum við upprekstur og afréttarnot.

V.

Þegar litið er til alls þess, sem rakið er hér að framan og í héraðsdómi um Auðkúluheiði og nýtingu hennar, verður ekki talið, að sönnur hafi verið leiddar að því, að heiðin hafi nokkurn tíma verið undirorpin fullkomnum eignarrétti einstaklinga, kirkjunnar eða ríkisins, hvorki fyrir nám né með löggerningum eða öðrum hætti. Orðalag í afsalsbréfi ráðherra 5. júlí 1918 ræður ekki úrslitum um þetta. Einhliða yfirlýsing um takmörk Auðkúluheiðar, þinglýst 17. maí 1890, styður ekki kröfur áfrýjenda um eignarrétt. Tiltækar heimildir benda hins vegar til þess, að um afréttareign eigenda heimalands Auðkúlu hafi verið að ræða í þeim skilningi, að aðrir hafi átt þar rétt til upprekstrar og ef til vill annarra nota, en gegn gjaldi til Auðkúlumanna. Þá eru staðhættir og víðátta heiðalandsins þannig, að líkur mæla gegn óskoruðum eignarráðum jarðeigenda.

Í lögum nr. 50/1907, sem vísað var til í afsali ráðherra Íslands fyrir Auðkúluheiði 5. júlí 1918, fólst ekki frekari heimild til afsals eignarréttinda en heyrðu til kirkjujörðum. Í afsalinu gat ekki falist víðtækari eignarréttur áfrýjendum til handa en sannanlega var á hendi afsalsgjafa. Með hliðsjón af því og nýtingu afréttarlandsins hafa áfrýjendur ekki heldur unnið eignarhefð á Auðkúluheiði.

Samkvæmt framansögðu og með vísun til 2. gr. vatnalaga, sbr. 1. og 49. gr. þeirra, verður héraðsdómur staðfestur með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti.

Rétt þykir, að hver aðila beri sinn kostnað málsins fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.
Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. nóvember 1995.

I.

Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 5. október 1994, og dómtekið 24. f. m.

Stefnendur eru Svínavatnshreppur, kt. 640269-4139, og Torfalækjarhreppur, kt. 660269-0539, báðir í Austur-Húnavatnssýslu.

Stefndi er Landsvirkjun, kt. 420269-1299, Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og landbúnaðarráðherra vegna viðkomandi ráðuneyta er stefnt til réttargæslu.

Stefnendur gera þessar dómkröfur:

1. Til viðurkenningar á rétti stefnenda til úrskurðaðra bóta fyrir fallréttindi (virkjunarréttindi) í Blöndu fyrir Auðkúluheiði, að fjárhæð 30.636.000 kr., sem ákvarðaðar voru af sérstakri matsnefnd með úrskurði, upp kveðnum 10. ágúst 1992, auk verðbóta á þá fjárhæð, svo sem kveðið er á um í úrskurðinum.

2. Til viðurkenningar á rétti stefnenda til bóta úr hendi stefnda fyrir land á Auðkúluheiði, sem stefndi hefur fengið til ótímabundinna umráða og afnota í þágu Blönduvirkjunar á grundvelli sammings við stefnendur, dagsetts 15. mars 1982, um virkjun Blöndu, nánar tiltekið fyrir land undir uppistöðulón Blönduvirkjunar við Reftjarnarbungu, fyrir land undir efri hluta veituleiðar vatns úr uppistöðulóninu í inntakslón virkjunarinnar í Eldjárnsstaðflá, þ. e. frá uppistöðulóninu að Eystra-Friðmundarvatni, og undir sammingsbundna uppgræðslu á Auðkúluheiði.

3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda og að þeim verði in solidum gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Af hálfu réttargæslustefndu hafa þing verið sótt, lýst yfir stuðningi við sýknukröfu stefnda, Landsvirkjunar, og krafist málskostnaðar úr hendi stefnenda in solidum.

II.

Hinn 15. mars 1982 gerðu Rafmagnsveitur ríkisins sem virkjunaraðili við Blöndu, sbr. 1. gr. laga nr. 60 frá 25. maí 1981 um raforkuver, og fulltrúar hreppsnefnda Blönduóshrepps, Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps vestan Blöndu og Lýtingsstaðahrepps og Seyluhrepps austan Blöndu samning, sem fól í sér samkomulag um virkjun Blöndu: tilhögun virkjunar, samráðsnefnd, girðingar, vegi og afréttarmál, uppgræðslu, bætur á uppgræðslutíma, beitiland, opinber gjöld, veiðiréttindi, vatnsréttindi, „réttindi á heiðunum“ og matsnefnd, sem aðilar voru sammála um, að skipuð skyldi til að fjalla sem gerðardómur um verkefni, er til hennar yrðu lögð, enda hefði aðilum ekki tekist að leysa úr þeim með samkomulagi. Verkefni nefndarinnar eru að meginefni sem hér greinir (1. tl. 13. gr.): „Að meta bætur fyrir land, sem fer undir miðlunarlón, aðveituskurði, inntakslón og önnur mannvirki og land, sem tekið er til uppgræðslu í stað þess lands, sem tapast undir vatn, o. þ. h. Ágreiningur um eignarrétt að landinu heyrir undir hina almennu dómstóla, sbr. 11. gr. Að meta og ákveða bætur fyrir vatnsréttindi, enda hafi verið úrskurðað um eignarrétt að þeim.“ Nokkru síðar gerðist Bólstaðarhlíðarhreppur aðili að samningnum.

Í inngangi 11. gr. samningsins segir, að 10. gr. hans taki einnig að öllu leyti til vatnsréttinda (virkjunarréttinda) á Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði að því leyti sem um sé að ræða, þar sem segir: „Virkjunaraðili greiðir viðkomandi eigendum vatnsréttinda á vatnasvæði Blöndu bætur fyrir þau virkjunarréttindi, sem nýta þarf vegna virkjunarinnar, og fær jafnframt framsal á þeim réttindum. Áskilið er, að hver aðili færi sönnur á eignarrétt sinn að réttindum, er hann er vefengdur, og eigi virkjunaraðili fullan kost á að koma að þeim mótbárum við réttindunum, sem við kunna að eiga. Úr ágreiningi um eignarrétt að vatnsréttindum skera hinir almennu dómstólar.“

Í 11. gr. segir einnig: „Um stöðu réttinda á Auðkúluheiði liggur það fyrir við samningsgerð, að hrepparnir vestan Blöndu telja til fullkominna eignarréttinda að heiðinni samkvæmt afsali frá ráðherra Íslands 5. júlí 1918. Virkjunaraðili vefengir ekki þau réttindi, sem byggð verði að lögum á kaupum samkvæmt afsali þessu, en bendir jafnframt á, að þar séu fossar undanskildir.“

Með samningi milli stefnda og ríkisstjórnar Íslands, dags. 11. ágúst 1982, um virkjunarmál o. fl. tók stefndi við öllum réttindum og skyldum virkjunaraðilans (RARIK) samkvæmt áðurgreindum samningi.

Með bréfi iðnaðarráðherra, dags. 28. mars 1984, og með vísun til 6. og 7. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun, sbr. 1. gr. laga nr. 60/1981 um raforku-

ver, og ályktunar Alþingis 6. maí 1982 um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu, sem samþykkt var á grundvelli 2. gr. laga nr. 60/1981, var stefnda veitt leyfi til að virkja Blöndu í Blöndudal. Með bréfi iðnaðarráðuneytisins til stefnda, dags. 30. apríl 1987, var staðfest, að jafnframt greindu virkjunarleyfi fyrir Blönduvirkjun væri stefnda veitt heimild til að gera eignarnám á vatnsréttindum, löndum, mannvirkjum og öðrum réttindum, eftir því sem við þyrfti vegna virkjunarinnar samkvæmt 18. gr. laga nr. 42/1983, sbr. V. og VI. kafla vatnalaga nr. 15/1923, að því leyti, sem stjórn stefnda teldi nauðsynlegt, til að unnt væri að ljúka virkjuninni á grundvelli leyfisins.

Virkjunarframkvæmdir gengu í öllum meginatriðum fram samkvæmt upphaflegum áformum, en þó var fyrirhugaðri veituleið vatns frá miðlunarlóni að inntakslóni breytt í samræmi við samkomulag, dags. 24. mars 1990, milli stefnda og hreppsnefnda Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps og bæjarstjórnar Blönduósbæjar. Í 5. gr. samkomulags þessa segir: „Fyrir framangreindan umráða- og afnotarétt og öll þau réttindi, sem Landsvirkjun eru veitt með samkomulagi þessu, og alla röskun vegna miðlunarveitunnar og þeirra mannvirkja, sem henni heyra til, greiðir Landsvirkjun endurgjald til eigenda afréttarlandsins á Auðkúluheiði, er komi í stað eignarnámsbóta.“ Var endurgjaldið ákveðið 9.351.400 krónur. Í viðauka, dags. 24. mars 1990, við samning, dags. 15. mars 1982, um virkjun Blöndu greinir m. a. frá því, að 4. júlí 1988 hafi Blönduóshreppur öðlast kaupstaðarréttindi, og hafi orðið að samkomulagi milli sveitarfélaganna vestan Blöndu, að Blönduósbær afsalaði Svínavatnshreppi og Torfalækjarhreppi allri eignarhlutdeild sinni í Upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar og afréttarlandinu á Auðkúluheiði.

Hinn 22. febrúar 1988 var gerður samningur milli stefnda og veiðifélags Blöndu og Svartár og eigenda jarðanna Bollastaða, Eyvindarstaða, Eldjárnsstaða, Guðlaugsstaða, Prammar og Rugludals um yfirtöku réttinda í þágu Blönduvirkjunar, tilhögun virkjunarframkvæmda og meðferð og úrlausn kröfumála. Þar er kveðið á um, að allur ágreiningur um bótakröfur eða endurgjald, sem aðilum samningsins takist ekki að leysa úr með samkomulagi sín í milli, skuli lagður fyrir matsnefnd, þar sem úr honum verði skorið til fullnustu. Mat sitt á bótum skuli nefndin reisa á almennum reglum skaðabótaréttar og lagareglum um eignarnám á sviði vatnamála. Í 4. gr. segir: „... Um vatnsréttindi (virkjunarréttindi) er það afstaða Landsvirkjunar, að þau fylgi þeim jarðeignum einum, er teljist til landareigna í merkingu 1. gr. vatnalaga, og séu ekki fyrir hendi að öðrum kosti, sbr. 2. gr. vatnalaga, nema sem almenningseign, er henni sé frjálst að nýta. Hefur Landsvirkjun ekki viðurkennt, að afréttarlöndin Auðkúluheiði og Eyvindar-

staðaheidi séu landareignir í þessari merkingu, og gerir ekki ráð fyrir að greiða bætur fyrir vatnsréttindi þeirra vegna, nema bótaskylda hljóti staðfestingu fyrir atbeina dómstóla. Hins vegar er hún reiðubúin að greiða bætur fyrir slík réttindi vegna þeirra ofangreindra jarðeigna, sem ótvírætt teljast landareignir í merkingu vatnalaga, enda færi eigendur þeirra sönnur á aðild sína að eignunum og réttindi þeirra. Jafnframt fellst hún á, að æskilegt sé að leiða ákvörðun og greiðslu þessara bóta til lykta með þeim hætti, að greiðsla sæti ekki töfum vegna ágreinings um vatnsréttindi annarra jarðeigna. . .“

Hinn 15. nóvember 1991 gekk úrskurður í matsnefnd samkvæmt samningnum frá 15. mars 1982. Álitaefnið var: „Að meta bætur fyrir land, sem fer undir miðlunarlón, aðveituskurði, inntakslón og önnur mannvirki, og land, sem tekið er til uppgræðslu í stað þess lands, sem tapast undir vatn, o. þ. h.“ Í forsendum segir, að ákvæði samningsins heimili matsnefnd ekki að leggja úrskurð á þær kröfur, sem aðilar hafi lagt fyrir nefndina, nema áður hafi verið leyst úr því, hvernig háttað sé eignarrétti hreppanna að landi á Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Því beri vegna kröfugerðar og málflutnings aðila að fresta málinu, þar til þeir hafi fengið leyst úr þessum ágreiningi fyrir hinum almennu dómstólum. Ályktarorð: „Meðferð matsnefndar á máli þessu er frestað, þar til leyst hefir verið úr ágreiningi aðila um innihald eignarréttar hreppanna að Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði fyrir hinum almennu dómstólum.“

Hinn 10. ágúst 1992 gekk úrskurður í matsnefnd samkvæmt samningnum frá 22. febrúar 1988. Samkomulag hafði orðið með stefnda og ætluðum rétthöfum að fallréttindunum (virkjunarréttinum) í Blöndu, þ. á m. stefndunum, að reka bótamál vegna þeirra fyrir þeirri matsnefnd. Nefndin mat heildarfjárhæð bóta vegna vatnsréttinda í þágu Blönduvirkjunar 92.000.000 króna. Í forsendum segir: „... Svo sem fram er komið, er ágreiningur um, hvort fyrrgreindir hreppar eigi rétt til bóta vegna yfirtöku vatnsréttinda á afréttarlöndunum Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Sá ágreiningur heyrir undir hina almennu dómstóla. . .“ Í úrskurðarorði er kveðið á um tiltekna bótafjárhæðir til eigenda/ábúenda jarðanna Prammar –, afréttarhluta, – Rugludals, Sellands, Bollastaða, Eyvindarstaða, Guðlaugsstaða, Eiðsstaða, Eldjárnsstaða og Prammar, – fram að Landsenda. Síðan segir: „Fresta skal greiðslu bóta, þar til endanlegur úrskurður dómstóla liggur fyrir um eignarrétt vatnsréttinda á Auðkúluheiði 33,3%, 30.636.000 kr., og Eyvindarstaðaheiði 21,9%, 20.148.000 kr. Fjárhæðir þessar skal verðtryggja miðað við lánskjaravísitölu ágústmánaðar 1992 (3234 stig) og bera meðalvexti samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands á verðtryggðum lánnum frá

úrskurðardegi til greiðsludags, nú 9% á ári. . .“ Samkvæmt úrskurðinum voru stefnendum sem eigendum afréttarhluta jarðarinnar Þramar ákvarðaðar bætur að 2,7 hundraðshlutum, 2.484.000 krónur.

Stefnendur máls þessa höfðuðu með stefnu, út gefinni 1. apríl 1993, eignardómsmál fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra og gerðu þessar dómkröfur: „Að viðurkenndur verði með dómi fullur og óskoraður eignarréttur þeirra að afréttarlandinu Auðkúluheiði í Svínavatnshreppi, Austur-Húnavatnssýslu, með öllum gögnum þess og gæðum, að engum réttindum undanskildum, svo sem afréttarlandinu er lýst í afsali ráðherra Íslands, Jóns Magnússonar, dagsettu 5. júlí 1918, til Blönduóshrepps og beggja stefnenda, og landamerkjabréfi fyrir Auðkúluheiði, sem ber heitið „Takmark Auðkúluheiðar“, dagsettu 4. september 1880 og þinglesnu og innfærðu í landamerkjabók Húnavatnssýslu 17. maí 1890.“ Til varna tóku stefndi í máli þessu, réttargæslustefndu í máli þessu f. h. ríkisins og Skotveiðifélag Íslands. Úrskurður gekk um frávisunarkröfu tveggja fyrirtalinnna varnaraðila 20. desember 1993, og var málinu vísað frá dómi. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar, og gekk dómur þar 19. janúar 1994, þar sem frávisunardómurinn var staðfestur.

Einnig höfðuðu stefnendur máls þessa mál, sem var þingfest 14. apríl 1994 fyrir þessum rétti, gegn Landsvirkjun út af lögskiptum þeim, sem hér um ræðir. Það var að kröfu stefnenda fellt niður 29. september 1994.

Stefnendur kveða bætur hafa verið greiddar að hluta fyrir lönd, sem hafi farið undir vatn á veituleiðinni milli miðlunarlóns og inntakslóns, nánar til tekið leiðina frá Austara-Friðmundarvatni að inntakslóninu í Eldjárnsstaðaflá, en eftir sé að meta bætur fyrir land undir veituleiðina frá miðlunarlóninu að Austara-Friðmundarvatni. Einnig hafi verið greiddar bætur fyrir land undir inntakslónið og stíflu- og miðlunarmannvirki þau, sem þar standa. Að öðru leyti hafi stefndi ekki fengist til að semja um bætur til eigenda heiðanna.

Stefndi vísar til þess, að kostnaður, sem leitt hafi af samningum við heimamenn, sbr. einkum samning frá 15. mars 1982, sundurliðist þannig, framreiknað til verðlags um áramótin 1993/1994: 1. Uppgræðsla (til 1991) 302.000.000 kr. 2. Heiðavegir 186.000.000 kr. 3. Girðingar 33.000.000 kr. 4. Gangnamannaskálar 42.000.000 kr. Ótalinn sé þá kostnaður, að fjárhæð um 215 milljónir króna, við samningsgerð vegna veiðirannsókna, bætur til annarra landeigenda á svæðinu, lögfræðikostnaður og annar sérfræðikostnaður. Þá er vakin athygli á, að til stofnkostnaðar virkjunarinnar teljist kostnaður vegna nokkurra framkvæmda, sem hafi verið nauðsynlegar, en komi stefnendum jafnframt að fullu gagni, og nemi hann framreiknaður til verðlags

um áramótin 1990/1991: „a) Til endurbyggingar Svínvetningabrautar, sem liggur frá Blönduósi um Svínadal og Blöndudal að Svartárbrú, hefur Landsvirkjun lagt samtals 109.600.000 kr. b) Endurbygging Kjalveggar í Blöndudal frá Svínvetningabraut að Gilsá kostaði Landsvirkjun að fullu, og nemur sá kostnaður alls 161.900.000 kr. c) Vegagerð um virkjunarsvæði hefur kostað samtals 237.900.000 kr. Hluti þess er kostnaður við Kjalveg frá Gilsá og inn að Kolkustíflu.“

III.

Stefnendur reisa kröfur sínar á eftirfarandi málsástæðum, sem hafi hvor um sig sjálfstætt gildi:

1. Að stefnendur eigi afréttarlandið Auðkúluheiði beinum eignarrétti með öllum gögnum þess og gæðum að engu undanskildu með þeim einum takmörkunum, sem leiðir af samningi stefnenda og eigenda Eyvindarstaðaheiðar við Rafmagnsveitur ríkisins (RARÍK), dags. 15. mars 1982, um virkjun Blöndu. Af þessu eignarhaldi stefnenda á Eyvindarstaðaheiði leiði beinlínis, að þeir eigi lögvarinn rétt til úrskurðaðra bóta fyrir fallréttindin (virkjunarréttinn) í Blöndu fyrir Auðkúluheiði og bótarétt fyrir það land á Auðkúluheiði, sem látið hefur verið af hendi við stefnda til ótímabundinna umráða og afnota í þágu Blönduvirkjunar.

Stefnendur leiða rétt sinn af afsali ráðherra Íslands, dags. 5. júlí 1918, sem var fyrir fram innritað í afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 26. s. m. og lesið fyrir manntalsþingsrétti Húnavatnssýslu að Svínavatni 28. maí 1919. Þeir telja það fela í sér yfirfærslu á beinum eignarréttindum til handa sér og Blönduóshreppi á umræddu landsvæði. Þar sem segi, að undanskilin séu „námur í jörðu sem og fossar, sem þar kunna að vera“, þá takmarki það á engan hátt eignarumráð stefnenda yfir afréttarlandinu. Um sé að ræða fastan áskilnað (standardklásúlu) hjá ríkinu, sem af varfærnisástæðum hafi verið sett inn í slík heimildarskjöl fyrir gildistöku vatnalaga árið 1923 og hafi ekki efnislegar takmarkanir í för með sér í þessu tilfelli. Þá er vísað til þess, að stefnendur hafi í góðri trú um fullkominn eignarrétt sinn á Auðkúluheiði keypt hluta úr aðlægum jörðum og lagt við heiðina.

Um tilvitnaða fyrirvara samninga frá 15. mars 1982 og 22. febrúar 1988 er lýst yfir því, að af hálfu stefnenda hafi hvorki við gerð samninganna né síðar verið litið svo á, að í þeim fælist vefenging á hinum beina eignarrétti þeirra að Auðkúluheiði, heldur væri með þeim verið að gefa hugsanlegum utanaðkomandi aðilum tilefni til að gera tilkall til einhverra réttinda á heiðunum. Næsta víst sé, að hvorugur samningurinn hefði verið gerður, hefðu stefnendur rennt grun í, að viðsemjandinn myndi bera fyrirvarana fyrir sig í

því skyni að hindra, að þeir næðu umsömdum rétti til bóta fyrir land og virkjunarréttindi.

Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu, að framangreindir fyrirvarar takmarki eða rýri eignarheimild stefnenda að Auðkúluheiði, er á því byggt, að stefnendur hafi náð fullkomnum eignarumráðum á heiðinni fyrir hefð. Þeir telji sig hafa haft óslitin umráð og í raun eignarhald á heiðinni í 76 ár, þ. e. fullan hefðartíma, og allan þann tíma hafi enginn gert tilkall til landsréttinda, en jafnvel þótt svo hefði verið, hefði sá hinn sami misst af þeim rétti sökum tómlætis.

Málsástæðu þessari til stuðnings vísa stefnendur til meginreglna eignarréttarins um stofnun og vernd eignarréttar að fasteignum á Íslandi, 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og laga um hefð nr. 46/1905.

2. Til vara eru dómkröfur stefnenda byggðar á því, að hvað sem líði vefingum stefnda á eignarrétti stefnenda að Auðkúluheiði, eigi stefnendur á grundvelli samningsins frá 15. mars 1982 rétt til að fá greiddar úr hendi stefnda úrskurðaðar bætur fyrir fallréttindin (virkjunarréttinn) í Blöndu fyrir Auðkúluheiði og enn fremur, að stefnda beri að svara stefnendum bótum fyrir land á Auðkúluheiði, sem stefndi hefur fengið til ótímabundinna umráða og afnota í þágu Blönduvirkjunar á grundvelli fyrrnefnds samnings.

Fyrir liggir í málinu, að stefndi hafi vanefnt samningsskyldur sínar gagnvart stefnendum samkvæmt samningnum frá 15. mars 1982 og viðauka við hann frá 24. mars 1990 með því að koma í veg fyrir, að bætur fyrir afsöluð réttindi í þágu Blönduvirkjunar væru ákvarðaðar og síðan greiddar með samningsbundnum hætti. Þetta taki einnig til greiðslu úrskurðaðra bóta fyrir fallréttindin fyrir Auðkúluheiði, allt á grundvelli sjónarmiða sem þeirra, að stefnendur væru ekki réttir aðilar að bótakröfum eða endurgjaldi vegna réttindanna. Með þessu hafi stefndi fellt á sig bótaskyldu gagnvart stefnendum. Framangreindu til áréttingar er af hálfu stefnenda á það bent, að stefndi hafi við gerð samningsins við ríkisstjórn Íslands 11. ágúst 1982 tekið við réttindum og skyldum virkjunaraðilans samkvæmt samningnum frá 15. mars 1982 og meðal annars gengist undir þá samningsskyldu gagnvart stefnendum (þriðja manns loforð) að bera ekki fyrir sig mótmæli og/eða vefingar varðandi form eða efni krafna þeirra um samningsbundnar bætur fyrir afsöluð réttindi í ríkari mæli en viðsemjandi þeirra (ríkissjóður) hafði samningsbundinn rétt til. Á því er byggt, að stefndi hafi í vörnum sínum fyrir matsnefndunum farið út fyrir rétt sinn í þeim efnunum.

Um lagarök að þessu leyti vísa stefnendur til reglna skaðabótaréttar um skaðabætur innan samninga og til meginreglna samninga- og kröfuréttar

um skuldbindingargildi loforða. Til áréttingar um bótaskyldu stefnda er vís- að til XV. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og tekið sérstaklega fram, að ákvæði 1. mgr. 140. gr. þeirra um lækkun á bótum eigi ekki við.

Um forsendur réttargæslustefnu vísa stefnendur til þess, að upphaflegur virkjunaraðili, Rafmagnsveitur ríkisins, hafi á sínum tíma tekið ákvörðun um að semja við stefnendur sem eigendur Auðkúluheiðar og eigendur Eyvindarstaðaheiðar um framsal réttinda í þágu Blönduvirkjunar í stað þess að taka nauðsynleg réttindi eignarnámi og láta meta réttthöfum bætur fyrir þau. Þá hafi réttargæslustefndi séð ástæðu til að gerast aðili að eignar- dómsmáli því, sem stefnendur höfðuðu.

IV.

Stefndi kveður stefnendur ekki hafa lagt fram nein gögn, er sannað geti réttmæti kröfugerðar þeirra, og eru rök hans fyrir því, að hafna beri kröf- unum, að meginefni eftirfarandi:

1. Auðkúluheiði sé afréttarland, sem hafi aldrei verið undirorpið full- komnum eignarrétti nokkurs einstaklings eða stofnunar. Samkvæmt tilvitn- uðum heimildum (sjá V. kafla) hafi heiðin einvörðungu verið notuð til upp- rekstrar á fyrri öldum og þannig verið nýtt sem afréttur eða almenningur. Hún hafi aldrei verið hluti heimalands jarðarinnar, enda fjarri henni og í mikilli hæð yfir sjávarmáli og því ekki hentug til búskapar. Lambatollar einir sér þurfi ekki að fela í sér vísbendingu um annað en ítaksrétt, sem bændur þurftu að greiða fyrir afnot af. Önnur not, t. d. grasnytjar og veiði, hafi verið lítið nýtt lengst af vegna fjarlægðar frá bæjunum. Af hálfu stefn- enda hafi engin gögn verið leidd fram, sem styðji, að fullkominn eignarrétt- ur hafi nokkru sinni stofnast yfir þessu landsvæði í þeirra hendi eða fyrri heimildarmanna. Reglur eignarréttarins um sjálfstæða stofnun eignarréttar- ins, frumstofnun, útrýmandi stofnun eða afleidda stofnun, styðji því kröfur þeirra ekki.

Þá bendir stefndi á, að ekki liggi neitt fyrir um það, hvers konar land- svæði um var að ræða, er stefnendur festu kaup á hluta af landi jarða, sem liggja að afréttinum, né um eignarheimildir heimildarmanna þeirra. Það, að þau landsvæði séu gerð að hluta af afrétti, geti heldur engu breytt um réttarstöðu afréttarlandsins að öðru leyti.

2. Efni og orðalag afsals ráðherra Íslands bendi eindregið til, að þar hafi verið um framsal á takmörkuðum rétti að ræða, þ. e. upprekstrarrétti og þeim hlunnindum öðrum, sem fylgja afréttareign, t. d. veiði. Lagasetning hafi verið á því reist, að slík not feli ekki í sér fullkomna landareign að einstaklingseignarrétti, nema hið gagnstæða verði sannað. Löggjafinn

hafi kveðið á um mismunandi eignarréttarstöðu slíkra landsvæða í ýms-um greinum, sbr. t. d. tilskipun um veiði frá 20. júní 1849, námulög nr. 50/1909, sbr. núgildandi námulög nr. 24/1973, vatnalög nr. 15/1923 og lög um lax- og silungsveiði nr. 76/1970. Dómstólar geri mjög strangar sönnunar-kröfur til þess, sem heldur því fram, að afréttur sé háður fullkomnum eignarrétti. Orðalag afsals um „öll gögn og gæði“ geti átt við þau hlunnindi, þ. e. beit og veiði, sem almennt fylgi afréttareign. Til frekari stuðnings þeim skilningi, að ekki hafi verið um sölu á fullkomnu eignarlandi að ræða, sé sú áhersla, sem á það sé lögð í afsalinu, að kaupandi taki á sig kvaðir vegna upprekstrarlandsins, en minna sé þar lagt upp úr lýsingu á mörkum landsins. Þá sé það meginregla í íslenskum rétti, að afsalsgjafi geti ekki afsalað rýmri rétti en hann átti sjálfur. Þá vikur stefndi að augljósri takmörkun, sem hann telur felast í því, að námar og fossar séu undanskildir í afsalinu. Þetta hafi verið gert vegna banns, sem lög nr. 50/1907 um sölu kirkjujarða hafi lagt við sölu slíkra réttinda undan jörðunum.

3. Því er haldið fram, að virkjunarréttur, sem landeigendum hafi verið veittur með gildistöku vatnalaga nr. 15/1923 úr ám fyrir landi þeirra, taki ekki til Auðkúluheiðar, þar sem hún sé ekki landareign í merkingu 1. gr., sbr. 2. gr. og 49. gr., laganna, og er vísað til lýsingar stefnenda í stefnu: „Landssvæði sunnan jarða (lögbýla) í Svínavatnshreppi“.

4. Skilyrði hefðar samkvæmt lögum nr. 46/1905 kveður stefndi fráleitt vera um að ræða í málinu. Í stefnu sé ekki lýst eignarhaldi, sem ætti að hafa leitt til þeirrar niðurstöðu. Ekkert liggja fyrir um önnur afnot af heiðinni en sumarbeit fyrir búfé, og megi ekki setja jafnaðarmerki milli slíkrar nýtingar lands og eignarhalds í skilningi hefðarlaga.

5. Þá er kröfugerðinni, að því er lýtur að 2. tölulið hennar, mótmælt sér-staklega, þar sem hún sé vanreifud og órökstudd, og auk þess sé kröfulið-urinn of almennur. Ágreiningslaust sé af hálfu stefnda, að honum beri að greiða stefnendum bætur fyrir missi afréttarlandsins, sem hann hafi þegar gert að verulegu leyti, og myndi viðurkenning á þessum lið kröfugerðarinnar því ekki fela í sér neina lausn þess ágreinings, sem varð þess valdandi, að matsnefndin skv. samningnum frá 15. mars 1982 frestaði störfum. Sá ágrein-ingur hafi falist í inntaki eignarréttar, þ. e., hvort meta bæri land sem full-komið eignarland eða ekki. Hljóti að koma til skoðunar dómsins ex officio, hvort ekki beri að vísa 2. tl. kröfugerðarinnar frá með vísun til d-liðar 80. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndi hafi ekki samið sig undir eða tekið á sig skyldu um greiðslu ann-arra bóta en þeirra, sem honum ber að lögum að greiða vegna virkjunarinn-ar, sbr. það, sem segi í 1. tl. 1. mgr. 13. gr. samnings frá 15. mars 1982:

„Ágreiningur um eignarrétt að landinu heyrir undir hina almennu dómstóla, sbr. 11. gr.“ Þá hafi hann í 4. gr. samningsins frá 22. febrúar 1988 ítrekað fyrri afstöðu þess efnis að greiða ekki bætur fyrir vatnsréttindi á heiðunum, nema bótaskylda hlyti staðfestingu dómstóla. Aðilar hafi því samið beinlínis um það, að ágreiningur um innihald og aðildir eignarréttar að landinu heyrðu undir dómstóla og stefndi allt frá upphafi ekki viljað viðurkenna annan rétt hreppanna en þann, sem leiði af notkun landsins sem upprekstrarlands. Sérstaklega sé mótmælt staðhæfingum í stefnu, sem feli í sér, að stefndi hafi ekki í hvívetna staðið við samningsskyldur sínar með því að „koma í veg fyrir, að bætur fyrir afsöluð réttindi í þágu Blöndu-virkjunar væru ákvörðuð og síðan greidd með samningsbundnum hætti“. Með því að krefjast fullnægjandi sönnunar af hálfu stefnenda fyrir tilkalli þeirra til beinna og óskoraðra eignarréttinda á heiðunum, þ. á m. vegna vatnsréttinda (virkjunarréttinda), sé stefndi einungis að notfæra sér skýran rétt samkvæmt meginreglum íslensks réttar og samkvæmt skýrum ákvæðum viðkomandi samninga.

Um lagarök umfram það, sem að framan greinir, vísar stefndi til reglna eignarréttarins um stofnun og vernd eignarréttinda yfir fasteignum.

V.

A.

Auðkúluheiði nær norðan frá heimalöndum í Svínavatnshreppi fram á há-Kjöl. Heiðinni hefur verið lýst sem hásléttu með hægum halla til norðurs, víðast hvar fremur mjó, en breiðust fram við jökla.

Í skjali, sem ber yfirskriftina Takmörk Auðkúluheiðar, segir: „Að austan ræður Blanda og Blöndukvísl fram og austur undir Hofsjökul; þaðan með Hofsjökli suður að Jökulfalli, en það ræður merkjum vestur að Hvítá, og í Hvítárvatn, sem er fast við Langjökul; þá að vestan norður með Langjökli, og norður á Öldur; þar tekur við Dalskvíslaland.“ Höfundur örnefnakorts, sem lagt var fram í málinu, segir skjal þetta ónothæft eitt og sér til að afmarka heiðina. Það er dagsett 4. september 1886 og þinglesið 17. maí 1890, sama dag og Landamerkjaskrá fyrir heimajörðina Auðkúlu í Svínavatnshreppi, dags. s. d., og eru bæði skjölin undirrituð að Auðkúlu 17. maí 1890 af Stefáni M. Jónssyni beneficiario. Um suðurmörk heiðarinnar vísast til dómsáttar í aukadómpingi Árnassýslu 7. september 1985 um afréttarmörk á Kili milli Biskupstungnafréttar í Árnassýslu og Auðkúluheiðar í Húnavatnssýslu.

Í Landnámu segir: „Eyvindr auðkúla hét maðr. Hann nam allan Svínadal ok bjó á Auðkúlustöðum.“

Í Auðunarmáldaga frá 1318 (Ísl. fornbrs., II. bindi, bls. 474) kemur fram, að Auðkúlukirkja eigi land í Sléttárdal. Er þetta tilfært af hálfu stefnda með vísun til þess, að réttinda á Auðkúluheiði sé ekki getið.

Í bréfi Hólabiskups frá 1579, sem birt er í Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar, segir, að Auðkúlu tilheyri „Kúluheiði til ystu ummerkja móts við aðra menn með lambatollum, veiðum og öllum gagnsmunum, sem þeirri heiði fylgt hefur að fornu og nýju“.

Í dómi um afrétt á Auðkúlustaðaheiði frá 9. júní 1758 (Sýslu- og sóknalýsingar 1839 – 1873, I. bindi, bls. 95 – 96) eru íbúar Svínavatns- og Torfalækjarhrepps átaldir fyrir að vanrækja afréttinn, þ. e. að reka ekki fé sitt á heiðina og valda prestinum þannig tekjumissi. Þar kemur fram, að heiðin var s. n. lögafréttur.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1708 segir í lýsingu á Auðkúlu: „Afrjett á staðurinn á Kúluheiði og toll fyrir þá rekstra, sem úr þessari sveit og af Ásum mega þangað ganga. Lítt nýtur presturinn þessa, því mjög er afrjettin afrækt undir 20 ár.“

Í lýsingu Jóns Þórðarsonar, prests á Auðkúlu 1856 – 1885 (sbr. fyrrgr. bindi Sýslu- og sóknalýsinga) segir um Auðkúluheiði, að hún sé afrétt, „og á hana Auðkúlukirkja“.

Í afsalsbréfi, dags. 5. júlí 1918 og undirrituðu af ráðherra Íslands, segir, að hreppsnefndir Svínavatnshrepps, Torfalækjarhrepps og Blönduóshrepps hafi leitað kaups á afréttarlandinu Auðkúluheiði eign Auðkúluprestakalls, „...og loks með því að allra fyrirmæla laga nr. 50/16. nóvbr. 1907 um sölu kirkjujarða hefir verið gætt, þá sel ég og afsala samkvæmt þeirri heimild, sem mér er gefin í nefndum lögum, fyrir landssjóðsins hönd, ofanefndum hreppum ... greint afréttarland, Auðkúluheiði, með öllum gögnum og gæðum. Þó eru undanskildir námar í jörðu sem og fossar, sem þar kunna að vera. Umboðsmaður Auðkúlustaðar er upp héðan leystur frá öllum skyldum og kvöðum, sem hingað til hafa á honum hvílt vegna afréttarlands þessa. ...“

Afsalshafarnir stofnuðu með sér Upprekstrarfélag Auðkúluheiðar.

Eftirgreindir jarðarpartar hafa verið keyptir og lagðir við afréttinn: 1. Hluti úr jörðinni Hrafnabjörgum í Svínavatnshreppi, sbr. afsal, dags. 17. mars 1923. 2. Hluti úr jörðinni Marðarnúpi í Ásahreppi, sbr. afsal, dags. 25. júlí 1951. 3. Hlutar úr jörðinni Þröm í Svínavatnshreppi, sbr. afsöl, dags. 1. ágúst 1951, 31. desember 1962 og 31. desember 1963. 4. Hlutar úr jörðunum Eldjárnsstöðum og Eiðsstöðum í Svínavatnshreppi með afsöllum, dags. 31. desember 1963. Um framangreinda lýsingu stefnenda, sem sætir eigi andmælum af hálfu stefnda, hafa eftirtalin gögn verið lögð fram: a) Afsal

Jóns Stefánssonar, dags. 11. júní 1951, til Sigurðar Jónssonar á „eyðijörðinni Pröm í Svínavatnshreppi í Austur-Húnavatnssýslu með öllum gögnum og gæðum, svo sem veiðivonum, sem skapast hafa fyrir hefð.“ Á afsal þetta er síðan ritað afsal, undirritað af Sigurði Jónssyni 1. ágúst 1951, til Svínavatnshrepps, með vísun til þess, að hreppurinn neyti forkaupsréttar síns á „þeim skilorðsbundna eignarrétti að jörðinni, er framanskráð afsal veitti ...“ b) Með afsali, dags. 31. desember 1963, selur Svínavatnshreppur fjallskilasjóði Torfalækjar- og Blönduóshrepps „jörðina Pröm í Svínavatnshreppi, eins og hún kemur fyrir ... og leggst jörðin þar með undir Auðkúluheiði“. c) Afsal, dags. 31. desember 1963, eigenda Eidsstaða í Svínavatnshreppi og Eldjárnsstaða í sama hreppi til handa Upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar á þeim hluta af landi jarðanna, „er liggur framan heiðargirðingar, vestan línu, er dregin sé af næstu brún austan Eidsstaðahliðs í beina sjónhending á há-Pramarhaug ... Auk þess fá ábúendur Eldjárnsstaða til eignar og umráða hjá Upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar þann hluta af Pramarlandi, er liggur norðan línu nyrst úr Pramarhaug í svokallaðan Landsenda við Blöndu“. d) Kaupsamningur, dags. 25. júlí 1951. Guðjón Hallgrímsson selur Upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar „allt land jarðarinnar Marðarnúps austan við Þrívörðuás með öllum þeim nytjum, sem þessu landi fylgir“.

Með afsali, dags. 24. mars 1990, keyptu stefnendur eignarhluta Blönduósbæjar, áður Blönduóshrepps. Segir í stefnu, að stefnendur eigi Auðkúluheiði ásamt framangreindum jarðarpörtum, sem undir afréttinn hafi verið lagðir, í óskiptri sameign í hlutföllunum: Svínavatnshreppur 55% og Torfalækjarhreppur 45%.

B.

Í því, sem hér fer á eftir, er að mestum hluta stuðst við nokkur atriði, er fram hafa komið af hálfu fræðimanna, sem um efnið hafa ritað, án þess að tilvitnana þyki þörf.

Uppruni orðsins afréttur (afrekð, afrekt, afrétt) er skýrður þannig: Upphaflega merkir það þá athöfn að reka fé af heimahögum til fjarlægs beitilands. Síðar bætist við merkingin: réttur til að reka féð á beitilandið. Loks bætist við hin þriðja merking: svæðið, sem rekið er á.

Afréttir hafa verið skilgreindir sem landsvæði utan byggða og heimalanda einstakra jarða, sem er eða hefur verið nýtt til sumargöngu fyrir búpening (í samræmi við reglur um afréttamálefni og fjallskil). Afréttareign er talin vera land, sem er aðeins háð tilteknum takmörkuðum eignarréttindum, einkum beitarrétti og veiðirétti.

Í fornum heimildum er getið um landnám eignarlanda, þar sem byggð var reist. Talið er, að landnámi hafi verið landfræðileg takmörk sett, en að eignarlönd jarða hafi þó getað verið víðlend, einkum þeirra, er fyrst voru numdar. Upprekstrarréttur jarða og byggðarhluta er talinn hafa orðið til, fljótlega eftir að land byggðist, og þá, að því er sumir telja, við afnotanám, en aðrir á grundvelli venjuréttar eða fyrir hefð (á síðari tímum). Um afréttarnot og fjallskil hafi fljótlega myndast ákveðnar venjur á hverjum stað eða um þau efni verið gerðar sérstakar samþykktir. Eftir að hreppar koma til sögu, er forstaða afréttarmála og fjallskilastjórn í þeirra höndum. Hreppstjórnnum var samkvæmt lögum falið að hlutast til um fjallgöngur og hafa þá orðið að koma sér saman um skiptingu leitarsvæða, sem hafa þá jafnframt afmarkað afréttina. Einhliða helgun afréttarlanda innan tiltekinna marka með vísun til kennileita átti sér einnig stað með svonefndum lögfestum.

Í Grágáasar-lagasafninu er gerður glöggur munur á réttindum yfir eignarlöndum og afréttum. Um eignarlönd eru fyrirmæli um landamerki, sölu jarða, leigu, veðsetningu og fleira, er varðar eignarrétt að landi. Hins vegar lúta ákvæði Grágáasar um afrétti (einkum I b 113, II 477, 486) einungis að beitarréttindum, svo sem upprekstri, haustleitum og ítölu búfjár. Á þessum málum varð ekki breyting með lögtöku Jónsbókar 1281 (einkum Llb. 46, 51, 52 og 54). Núgildandi lög um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 6/1986 gera greinarmun á afréttum og heimalöndum jarða og geta ekki um önnur afnot afrétta en upprekstur búfjár. Þó er í 11. gr. getið um grasnyt og hlunnindi, sem hafa megí með leyfi hreppsnefndar. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði er búendum, sem eiga upprekstur á afrétt, einum heimil veiði í vötnum á þeim afrétti til búsparfa á sama hátt, sem verið hafi, enda sé veiðiréttur í þeim vötnum eigi einkaeign. Í 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849 segir, að á afréttum, sem fleiri eigi saman, beri veiði þeim mönnum, sem afrétt heyrir til; á almenningum sé veiði öllum mönnum jafnheimil. Í 1. mgr. 8. gr. l. nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum segir, að öllum íslenskum ríkisborgurum svo og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi séu dýraveiðar heimilar í afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Sambærilegt ákvæði var áður í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun, að öðru leyti en því, að þar var veiðiréttur einkoröðaður við íslenska ríkisborgara.

Fræðimenn hafa flokkað afrétti á ýmsan hátt, en m. a., sem hér greinir, út frá eignarréttarlegri stöðu: 1) Afréttur, sem er fullkomið eignarland tiltekins aðila, s. s., þegar heimaland jarðar er leigt eða með öðrum hætti lagt til afréttar. 2) Afréttur er einungis afréttareign, þ. e. réttindi til hans felast í

upprekstri og veiði. 3) Afréttarítak er það nefnt, þegar jörð fylgir réttur til upprekstrar á afrétt, sem tilheyrir annarri jörð, og þá oftast gegn gjaldi, afréttartolli. Einnig er land fjarri byggð flokkað í fullkomin eignarlönd, afréttareignir og almenninga.

C.

Það hefur eigi sætt ágreiningi af hálfu stefnda, að honum beri að greiða stefnendum bætur fyrir missi afréttareignar, enda hefur hann greitt þeim nokkrar bætur og lagt í fjárfrekar framkvæmdir í þágu þeirra. Með vísun til kröfugerðar stefnenda að öðru leyti og málatilbúnaðar verður að skilja kröfu þeirra samkvæmt 2. tölulið dómkrafna þannig, að þeir krefjist viðurkenningar á rétti til bóta úr hendi stefnda á grundvelli beins eignarréttar yfir umræddu svæði.

Samkvæmt 2. gr. vatnalaga nr. 15/1923 fylgir landareign hverri réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er. Landareign er í 1. gr. skilgreint sem land lögbýlis og lóð og lönd innan takmarka kaupstaða og löggiltra verslunarstaða. Sjá einnig 1. mgr. 49. gr. laga þessara um réttindi eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, til að vinna orku úr því vatni, sem um hana rennur.

Það eru grundvallarreglur í eignarrétti, að sá, sem telur til eignarréttinda yfir landi, verði að færa fram heimildir fyrir tilkalli sínu, og að sá, sem afsalar landi, geti ekki veitt viðtakanda sínum viðtækari rétt en hann átti sjálfur. Sem fyrr greinir, leiða stefnendur ætlaðan rétt sinn af afsali ráðherra Íslands 5. júlí 1918. Efni þess og orðalag sker eigi til fullnustu úr um það, hvort hreppunum hafi verið afsalað fullkomnu eignarlandi eða einungis afréttareign, þótt hið síðara verði líklegra talið. Við meðferð málsins hefur athygli beinst að setningunni: „Þó eru undanskildir námar í jörðu sem og fossar, sem þar kunna að vera.“ Fossar eru þar engir, en þetta orð virðist hafa verið notað öðrum þræði sem e. k. samheiti yfir vatnsorku eða fallréttindi á þeim árum, er unnið var að undirbúningi vatnalaga (sbr. „Fossanefnd“). Þá ber þess að geta, að fyrirvarinn er í samræmi við bann gegn því, að slík réttindi yrðu seld undan kirkjújörðum samkvæmt lögum nr. 50/1907. Þegar virt er það, sem fram er komið um afnot Auðkúluheiðar og legu, verður eigi ályktað, að heiðarlandið hafi áður verið háð beinum eignarrétti þeirra, sem höfðu umráð þess.

Dómurinn telur, að takmörkuð not stefnenda af heiðinni feli eigi í sér eignarhald, sem geti leitt til stofnunar eignarréttar fyrir hefð á grundvelli laga nr. 46/1905.

Stefnendur hafa þannig eigi leitt sönnur að því, að Auðkúluheiði hafi orðið eða sé fullkomið eignarland þeirra.

Efni skýrra og ítrekaðra fyrirvara í samningum þeim, sem eru grundvöllur réttarsambands aðila og raktir eru í II. kafla dómsins, leiðir til þess, að eigi verður ályktað, að stefndi hafi gengist undir fortakslausa samningsbundna skyldu um greiðslu bóta fyrir fallréttindi (virkjunarréttindi) eða fyrir land undir uppistöðulón Blönduvirkjunar við Reftjarnarbungu, undir veituleiðina frá uppistöðu-(miðlunar-)lóninu að Eystra-Friðmundarvatni og undir samningsbundna uppgræðslu á Auðkúluheiði á grundvelli beins eignarréttar nema að undangenginni úrlausn dómstóla um eignarréttindi.

Af því, sem nú var sagt um rétt stefnda til að krefjast sönnunar af hálfu stefnenda fyrir tilkalli þeirra til beinna og óskoraðra eignarréttinda á Auðkúluheiði, leiðir, að eigi verður fallist á, að hann hafi fellt á sig bótaskyldu gagnvart stefnendum á þann hátt að koma í veg fyrir, að bætur fyrir afsöluð réttindi í þágu Blönduvirkjunar yrðu ákvarðaðar og greiddar með samningsbundnum hætti.

Niðurstaða málsins er samkvæmt þessu sú, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnenda.

Rétt þykir að ákveða, að aðilar málsins og réttargæslustefndu, fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og landbúnaðarráðherra vegna viðkomandi ráðuneyta, skuli hver um sig bera kostnað sinn af rekstri þess.

Mál þetta dæma héraðsdómarnir Sigurður Hallur Stefánsson sem dómsformaður, Allan Vagn Magnússon og Finnbogi H. Alexandersson. Gætt var ákvæða 3. mgr. 2. gr. og 3. mgr. 3. gr. laga nr. 91/1991.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Landsvirkjun, er sýknaður af öllum kröfum stefnenda, Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps.

Málskostnaður fellur niður.
